

Föstudaginn 23. júní 1922.

Nr. 6/1922.

Gísli Hjálmarsson
 gegn
Hannesi Thorarensen
f. h. Sláturfjelags Suðurlands
 (Pjetur Magnússon).

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Hjálmarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Hannesi Thorarensen, f. h. Sláturfjelags Suðurlands, er hefir látið mæta í málinu, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. sept. 1922.

Nr. 30/1921.

Hreppsnefnd
Sauðárkrókshrepps
 (Jón Ásbjörnsson)

gegn
Kaupfjlagi Skagfirðinga
 (Pjetur Magnússon),

útaf útsvari kaupfjelagsins.

Urskurður fógetarjettar Skagafjarðarsýslu
 4. júní 1921: Hið umbeðna lögtak á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Haustið 1920 gerði hreppsnefnd Sauðárkróks-
 hrepps Kaupfjlagi Skagfirðinga að greiða 5695

króna aukaútsvar til hreppsins. Eftir að kaupfjellsstjórinn hafði árangurslaust krafist, að hreppsnefndin lækkaði útsvarið, kærði hann það fyrir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, er á aðalfundi f. á. færði það niður í 1371 krónu.

Samt sem áður krafðist hreppsnefnd Saudárkrókshrepps þess, að allt útsvarið, er hreppsnefndin hafði gert kaupfjellaginu að greiða, yrði tekið lögtaki. Kaupfjellagið greiddi í fógetarjettinum upphæð þá, er sýslunefndin hafði ákveðið, eða 1371 kr., en áleit sjer ekki skylt að greiða meira, og skaut ágreiningnum undir úrskurð fógeta. Gekk um þetta úrskurður í fógetarjetti Skagafjarðarsýslu 4. júní f. á. á þá leið, að lögtakið ætti ekki fram að fara.

Úrskurði þessum hefir hreppsnefnd Saudárkrókshrepps, að fenginni gjafsókn og með skipuðum málaflutningsmanni, áfrýjað til hæstarjettar með stefnu, dags. 3. des. f. á. og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að hið stefnda kaupfjellag verði dæmt til að greiða hæfilegan málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Kaupfjellagið hefir hins vegar krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati rjettarins.

Þar sem í máli þessu eigi er ágreiningur um að hið stefnda kaupfjellag hafi rekið útsvarsskylda atvinnu umrætt ár, heldur um það, hve hátt útsvar sje hæfilegt að það greiði, verður að telja að fullnádaryktir sjeu orðnar á málinu með úrskurði sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, og að eigi verði leitað úrlausnar dómstólanna um það. Verður því að fallast á það, að fógetinn synjaði um lögtakið og staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 krónur.

Hinum skipaða sækjanda, málaflutningsmanni Jóni Ásbjörnssyni, ber málflutningskaup úr ríkissjóði og ákveðst það 120 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógatarjettarúrskurði skal óraskað.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps greiði Kaupfjelagi Skagfirðinga 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, Jóni Ásbjörnssyni, greiðist 120 kr. í málsóknarlaun úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það er upplýst í máli þessu, að útsvar það, sem krafist er lögtaks á, var kært til hlutaðeigandi sýslunefndar, sem breytti úrskurði hreppsnefndar, og er lagður fram úrskurður sýslunefndar, er gjörðarþoli hefir fullnægt.

Með því að nefndur úrskurður er í lögmætu formi, verður að telja að fógatarjetturinn sje ekki bær að dæma um gildi hans að öðru leyti (sbr. lög 4. nóv. 1887, 4. gr., hliðstæð þessu) og samkvæmt því úrskurðast: